

Geðsvið LSH í Fossvogi

Íbúakynning

Dagskrá:

- **Áherslur og markmið Reykjavíkurborgar og áformuð aðalskipulagsbreyting – Sigríður Maack og Haraldur Sigurðsson**
- Drög að deiliskipulagsbreytingu – Halldóra Bragadóttir og Helgi B. Thóroddsen
- Áherslur geðráðs – Páll Matthíasson, formaður Geðráðs
- Umræður

01.09.2026



Borgarspítalareitur – Geðsvið LSH í Fossvogi


Áherslur skipulagsfulltrúa

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri aðalskipulags
Sigríður Maack verkefnastjóri á skrifstofu skipulagsmála



Reykjavík

Forsendur skipulags:





Framtíðarsýn geðþjónustu / Batamiðað húsnæði

Húsrýmisáætlun

Staðarvalsgreining

Samkomulag ríkis og Rvk um lóð

Skipulagslýsing





Skipulagslýsing:

Auglýst á skipulagsgátt frá 24. september til 23. október 2025

Efni skipulagslýsingar:

- Breyting á aðalskipulagi
 - svæði ætlað stofunum, S13, stækkað
- Helstu markmið í deiliskipulags:
 - nýbyggingar falli vel að nærliggjandi byggð
 - gott aðgengi og tengingar við nærliggjandi svæði
 - gróðursæl útisvæði við byggingar
 - góð birtuskilyrði í nýbyggingum og inngörðum



aðalskipulag nú



eftir breytingu



mörk deiliskipulags

Athugasemdir frá auglýsingu m.a.:

- taka mið af núverandi ferðavenjum með einkabílum
- gera frekari greiningar á hljóð- og loftgæðum
- spurt hvort lóðin henti fyrir starfsemina




Reykjavík



Lóð Borgarspítala í Fossvogi – Frumgreining á lóð

Efni:

- aðdragandi
- hugmyndafræði um batamiðað húsnæði
- sögulegt samhengi
- kostir og áskoranir á lóð
- mátun byggingarmagns á lóð
- áherslur fyrir komandi deiliskipulagsvinnu








Lóð Borgarspítala í Fossvogi – Frumgreining á lóð

Hugmyndafræði um batamiðað húsnæði forsenda

Í skýrslu starfshóps um framtíðarsýn húsnæðis fyrir geðþjónustu eru listuð upp lykilhugtök fyrir batamiðað húsnæði:

- að skapa tilfinningu fyrir tengingu við náttúruna
 - t.d. með gróðursælum inngörðum og gróðurskálum
- að bjóða notendum um val og stjórn á umhverfi sínu
 - geta gegnið frjálst út í garð
 - geta stjórnað skynörvun
 - geta átt stundir með aðstandendum sínum
- að hvetja til hreyfingar og virkni
 - hreyfigarðar og innanhúss íþróttastaða
- að geta valið um einveru eða samveru
- að skapa tilfinningu fyrir því að tilheyra og geta fengið stuðning



Reykjavík




Lóð Borgarspítala í Fossvogi – Frumgreining á lóð


Sögulegt samhengi



reitun erfðafestulanda



nærliggjandi íbúðaklasar




legudeildir umhverfis garða



Lóð Borgarspítala í Fossvogi – Frumgreining á lóð

Kostir lóðar:

- nálægð við náttúru í borg
- halli í landi
 - minnkar innsýn milli starfseminnar og nálægra íbúðarhúsa
 - útsýni frá lóð
 - góð birtuski



Áskorun á lóð:

- tengsl batamiðaðs húsnæðis við náttúru
 - gróðursælir inngarðar og gróðurskálar sem mótvægisaðgerðir
- halli í landi
 - vandasamt að leysa beint aðgengi út í inngarða
 - húsrýmisáætlun þ.a.l. mögulega vanmat á stærðum
- þörf er á allri lóðinni fyrir starfsemina eigi stækkunarmöguleikar að vera fyrir hendi



Lóð Borgarspítala í Fossvogi – Frumgreining á lóð

Mátun byggingarmagns á lóð:

- möguleiki á sólríkum inngörðum ef byggð er lágreist
- þörf er á allri lóðinni fyrir starfsemina



greining sólarstunda í inngörðum



byggingarmagn m.v. húsrýmisáætlun




Lóð Borgarspítala í Fossvogi – Frumgreining á lóð

Áherslur skipulagsfulltrúa:

- að verkefnið verði vel kynnt fyrir íbúum og hagaðilum
- Borgarspítali njóti sín áfram sem kennileiti staðarins
- nýbyggingar falli vel að nærliggjandi íbúðabyggð
 - byggingar lágreistar og dýpt húskroppa ekki of mikil svo góð birtuskilyrði náist
 - leitast við að varðveita gróður sem fyrir er
 - tryggja góð útirými umhverfis nýbyggingar
 - tryggja góðar göngu- og hjólatengingar um svæðið
- hönnun byggji á hugmyndafræði um batamiðað húsnæði
 - fjölbreytt rými fyrir notendur og aðstandendur
 - sérstök áhersla á náttúruupplifun innan sem utan húss
 - beint aðgengi út í sólríka og gróðursæla inngarða
 - tvennskona inngarðar: garðar við legudeildir og garðar til hreyfingar
- næg bílastæði fyrir starfsemina



Borgarspítalareitur, geðsvið – möguleg aðalskipulagsbreyting




- Breytingar þessar takmarkast við breytta landnotkun innan núverandi lóðar Borgarspítala
- Hluta lóðar var breytt í íbúðarbyggð (ÍB31, 5,4 ha) við gerð AR2040 árið 2022, í samræmi við þá fyrirliggjandi viljayfirlýsingu ríkis og borgar um breytta nýtingu valinna ríkislóða.
- Breytingarnar nú miða að því að lóðin öll verði á ný skilgreind sem samfélagsþjónusta og geðsvið Landspítalans geti byggst upp á svæðinu.



Borgarspítalareitur, geðsvið – verklýsing og drög til kynningar, sjá skipulagsgatt.is



- Athugasemdafrestur til 22. september
- Formleg tillaga ásamt umhverfismati sett fram í kjölfarið
- Áður en endanleg tillaga að aðalskipulagi er mótuð þarf að ganga frá nýjum samningi milli Reykjavíkurborgar, sem landeigenda, og ríkisins um úthlutun landsins til LSH.





Reykjavík

Geðsvið LSH í Fossvogi

Íbúakynning

Dagskrá:

- Áherslur og markmið Reykjavíkurborgar og áformuð aðalskipulagsbreyting – Sigríður Maack og Haraldur Sigurðsson
- **Drög að deiliskipulagsbreytingu – Halldóra Bragadóttir og Helgi B. Thóroddsen**
- Áherslur geðráðs – Páll Matthíasson, formaður Geðráðs
- Umræður

01.09.2026



Deiliskipulag Borgarspítalareits - Geðsvið LSH í Fossvogi

Kynning á aðdraganda og vinnu við deiliskipulag

Íbúafundur 1. september 2026



Borgarspítalareitur

- Borgarspítalareitur, niðurstaða staðarvals (2025)



- **Helstu forsendur og skipulagssjónarmið**
- **Skipulagsferlið - hvað mun deiliskipulagið fela í sér?**
- **Skipulagssvæðið og möguleg uppbygging**


Skipulagslýsing, september 2025

vegna breytingar á deiliskipulagi frá 1973

Unnin af Reykjavíkurborg



Svæði nýrrar uppbyggingar á lóð Borgarspítala
Nýtt sérhæft sjúkrahús 24.000 m² (-15%/+20%)



Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040
Borgarspítalareitur - Uppbyggingarreitur 55
Samfélagsþjónusta S13 - Íbúðarsvæði ÍB31

Deiliskipulagsbreyting kallar á breytingu aðalskipulags, þar sem landnotkun verður breytt úr íbúðarsvæði ÍB31 í samfélagsþjónustu.

Aðalskipulagsbreyting er í vinnslu hjá Reykjavíkurborg og verður auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingu.

Meginmarkmið og áherslur í skipulagslýsingu

- Nýbyggingar geðsviðs LSH falli vel að nærliggjandi byggð og styrki ásýnd svæðisins.
- Skipulag uppbyggingar snúi jafnt að byggingum sem garð- og dvalarsvæðum. Hluti dvalarsvæða í jaðri byggðar geti nýst almenningi á leið um Fossvogsdal.
- Áhersla á góðar göngu- og hjólatengingar.
- Deiliskipulag bjóði upp á fjölbreytileika, góð inni- og útirými og dagsbirtuskilyrði.
- Bygging móti skjólgóð og sólrík útisvæði með fjölbreyttum gróðri og lífríki og möguleikum til útiveru sem byggi undir samveru og samskipti.
- Góð birtuskilyrði aðliggjandi byggðar verði tryggð.
- Við landmótun verði jarðefni sem fást við framkvæmdir nýtt sem kostur er.
- Yfirborð verði gegndræpt að sem mestu leyti og blágrænar ofanvatnslausnir af háum gæðum útfærðar.

Tillaga að lóðamörkum Landspítala í Fossvogi, unnin af Reykjavíkurborg

Athugasemdir og ábendingar vegna skipulagslýsingar

- Tryggja rekstur Borgarspítalans samhliða færslu á vatns- og fráveitulögnum (Veitur).
- Gera grein fyrir hvernig tekið verði mið af núverandi ferðavenjum sem verða ráðandi þar til áætlanir um breyttar ferðavenjur ganga eftir (Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun).
- Hafa gott samráð í gegnum allt skipulagsferlið við íbúa og aðra hagsmunaaðila (Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun).
- Gerð verði úttekt á trjágróðri sem fyrir er á svæðinu og kannað hvað gæti nýst áfram (skrifstofa umhverfisgæða, skipulags- og umhverfissvið RVK).
- Bæta við umfjöllun um hávaða og loftgæði (Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur).

Frumgreining USK á lóð, febrúar 2026

Forskoðun skipulags- og umhverfissviðs RVK á skipulagssvæði, sem tekur mið af áherslum skipulagslýsingar og húsrýmisþörf.





Deiliskipulagsvinnan

- Samráð við verkkaupa og skipulagsyfirvöld um meginhugmynd skipulags í samræmi við markmið og áherslur skipulagslýsingar.
- Kynning áforma og samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
- Deiliskipulagstillaga unnin í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð í samráði við LSH og skipulagsyfirvöld.
- Kynningarfundur um tillögu með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Deiliskipulagstillaga lögð fyrir skipulagsráð til auglýsingar.
- Skipulagstillaga auglýst samkvæmt skipulagslögum.

Hvað felur deiliskipulagið í sér?

- **Byggingarreitur** kemur fram á deiliskipulagsuppdraetti og sýnir **hámarks umfang byggingar á lóð**. Einnig gerð grein fyrir inngöngum, aðkomum og leiðum bíla, gangandi og hjólandi, staðsetningu og fjölda bíla- og hjólastæða (samgöngumat) og lóðarfrágangi (bindandi og/eða leiðbeinandi).
- **Hámarkshæð byggingar** gefin upp a) með **hámarksfjölda hæða** (ofan- og neðanjarðar) og b) með **hámarkshæð í metrum** yfir tilgreindri aðkomuhæð (aðkomukóta).
- **Nýtingarhlutfall** felur í sér **hámarksbyggingarheimild innan lóðar**, þ.e. hámarks heildarstærð byggingar (ofan- og neðanjarðar) sem hlutfall af lóðarstærð.
- **Sneiðmyndir** sýna hæðarafstöðu byggingar gagnvart landi og aðlægri byggð. Gefin er upp aðkomuhæð í m.y.s (hæðarkóti), leiðbeinandi eða bundin eftir atvikum, ásamt hámarkspakhæð.
- **Skuggavarpsmyndir** (skýringarmyndir) sýna skugga sem áformuð nýbygging mun varpa á lóð og aðlæga byggð. Tímsetningar 21.janúar, jafndægur og sumarsólstöður.
- **Greinargerð** um skipulagsforsendur. **Skilmálar** um útfærslu byggingar, s.s. stærð, yfirbragð, dagsbirtuskilyrði, gróður, blágrænar ofanvatnslausnir, umhverfismál o.fl.



Samgöngumat

- Meta áhrif nýrrar uppbyggingar eða skipulagsbreytingar.
- Leggja mat á núverandi aðstæður og fyrirhugaðar breytingar m.t.t. umferðarflæðis, umferðarmagns, tenginga við aðliggjandi stíga- og gatnakerfi og almenningssamgangna.
- Setja fram tillögur um hvernig hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum, t.d. með eflingu vistvænna ferðamáta sbr. áætlun LSH í umhverfismálum.
- Skoða lausnir sem hvetja til notkunar virkra ferðamáta - göngu, hjólríða og almenningssamgangna, sem hjálpa til við að draga úr umhverfisáhrifum og styðja við lýðheilsu og skilvirkari samgöngur.
- Sérstaklega er hugað að öryggismálum og aðgengi fyrir alla ferðamáta.
- Bíla- og hjólastæðamat er hluti af samgöngumati. Faglegt mat á þörf og fyrirkomulagi bíla- og hjólastæða í nýju skipulagi.
- Samgöngumat styður við ákvarðanir um útfærslu deiliskipulags sem tryggja að samgöngur samræmist þörfum umhverfis og samfélags.

Skipulagssjónarmið

- Skipulagið gefi tækifæri að nýta lóðina sem best undir starfsemi geðþjónustu LSH, með batamiðað húsnaði og umhverfi að leiðarljósi.
- Talsverður landhalli, einkum til suðvesturs.
- Liggur vel við sólar- og útsýnisáttum.
- Gott aðgengi allra ferðamáta frá Álandi og Háleitisbraut.
- Unnt að lágmarka áhrif akstursumferðar vegna nýbyggingar á nálæga íbúðarbyggð.
- Gróin svæði í jöðrum til suðausturs og suðvesturs nýtast öllum.
- Ný lágreist byggð verði felld að landi og nálægri byggð.
- Núverandi trjágróður auðgar svæðið og verði varðveittur eftir föngum.







Skipulagssvæðið



KANON ARKITEKTAR

Skipulagssvæðið

Lóðamörk

Skipulagssvæðið

Ný uppbygging
að lágmarki 30 m frá
lóðamörkum íbúðarbyggðar

30 m svæði

Byggingarmagn á lóð dæmi um fyrirkomulag

Möguleg uppbygging
1-2 hæðir að jafnaði



Háaleitisbraut

möguleg
aðkoma

Áland

Bústaðavegur

möguleg
aðkoma

KANON ARKITEKTAR



Leiðarljós

Deiliskipulagið móti ramma sem skapar bestu skilyrði fyrir uppbyggingu nýs geðsviðs LSH með batamiðað húsnæði að leiðarljósi, í góðri sátt við umhverfið og nágrannabyggð.

Takk fyrir!



Geðsvið LSH í Fossvogi

Íbúakynning

Dagskrá:

- Áherslur og markmið Reykjavíkurborgar og áformuð aðalskipulagsbreyting – Sigríður Maack og Haraldur Sigurðsson
- Drög að deiliskipulagsbreytingu – Halldóra Bragadóttir og Helgi B. Thóroddsen
- **Áherslur geðráðs – Páll Matthíasson, formaður Geðráðs**
- Umræður

01.09.2026



Áherslur Geðráðs um nýtt Geðhús í Fossvogi

Páll Matthíasson

Formaður Geðráðs

1. september 2026



Af hverju þarf nýtt Geðhús?

- Dreift
- Úrelt
- Takmarkar bata

Húsnæðið endurspeglar hugmyndafræði sem er barn síns tíma.

Byggingin er hluti af meðferðinni

- 🌿 Náttúra
- 🌻 Birta
- 🚶 Virkni
- 🔒 Næði
- 🤝 Tengsl

Batamiðuð hönnun





Tvö markmið mótuðu staðarvalið

-  Nálægð við heilbrigðisþjónustu
-  Nálægð við náttúru

***Fossvogur sameinar hvoru
tveggja***

Af hverju Fossvogur?

- 🏥 Heilbrigðisþjónusta
- 🌳 Náttúra
- 🚶 Gott aðgengi
- 🏠 Nærumhverfi





Hvernig Geðhús vill Geðráð sjá?

Einbýli
Garðar
Birta
Aðstandendur
Mannúð
Virðing



Umhverfi sem styður sjálfstæði og bata.



Lokaorð

Fallega hönnuð, lágreist hús með greiðu aðgengi að grænum svæðum geta orðið nærsamfélaginu til hagsbóta og prýði.

Hvernig við búum að okkar samborgurum þegar þeim líður illa - segir mikið um það hvers konar samfélag við viljum vera.

Geðsvið LSH í Fossvogi

Íbúakynning

Dagskrá:

- Áherslur og markmið Reykjavíkurborgar og áformuð aðalskipulagsbreyting – Sigríður Maack og Haraldur Sigurðsson
- Drög að deiliskipulagsbreytingu – Halldóra Bragadóttir og Helgi B. Thóroddsen
- Áherslur geðráðs – Páll Matthíasson, formaður Geðráðs
- **Umræður**

01.09.2026